

Hr. Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra
Utanríkisráðuneytið
Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2011

Ágæti ráðherra,

Fimmti fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu var haldinn í utanríkisráðuneytinu hinn 27. apríl síðastliðinn. Megin dagskrárefni fundarins voru þingsályktunartillaga um þróunarsamvinnuáætlun 2011-2014, framlög OECD ríkja til þróunarmála, leiðbeiningar um gerð samstarfsáætlana í þróunarsamvinnu og kynning á tilraunaverkefni utanríkisráðuneytisins í kynjaðri fjárlagagerð. Jafnframt spunnust umræður um gagnsæi í störfum ráðsins.

Hermann Ingólfsson kynnti samstarfsráðinu stöðu þingsályktunartillögu um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014 sem mælt var fyrir á Alþingi hinn 17. febrúar síðastliðinn. Tillögunni var vísað til utanríkismálanefndar, sem hefur borist umsagnir ýmissa aðila á sviði þróunarsamvinnu. Upplýst var að umsagnir, sem birtar eru á vef Alþingis, eru almennt jákvæðar og innihalda gagnlegar ábendingar. Fulltúar frjálsra félagasamtaka tilkynntu að á nýlegum fundi þeirra hafi verið ályktað að í áætluninni mætti leggja meiri áherslu á málefni barna og ættu réttindi barna að vera sérstök stöð í stefnu Íslands í þróunarmálum. Mér er kunnugt um að starfsmenn ráðuneytisins hafa þegar komið þessari athugasemd á framfæri við utanríkismálanefnd.

Hermann Ingólfsson kynnti upplýsingar frá OECD um framlög til þróunarsamvinnu árið 2010. Fram kom að heildarframlög aðildarríkja þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) hafi aldrei verið hærrí en á árinu 2010, en þau hækkuðu um 6,2% frá 2009. Framlög DAC ríkjanna námu 0,32% af vergum þjóðartekjum á árinu. Til samanburðar nam framlag Íslands 0,28% af vergum þjóðartekjum. Framlag Íslands lækkaði um 22% frá 2009, sem var mesta hlutfallslega lækkun allra OECD ríkja.

Nokkur umræða varð um þá tillögu sem fram kemur í þróunarsamvinnuáætlun að Ísland gerist fullgildur aðili að Þróunarsamvinnunefnd OECD. Nefndin er helsti samstarfsvettvangur OECD ríkja á sviði þróunarmála og er aðild að henni mikilvæg leið til að styrkja og efla enn frekar þróunarstarf okkar og samhæfa það betur störfum annarra aðildarríkja OECD. Rík áhersla er lögð á að rödd Íslands heyrir í alþjóðlegri umræðu um þróunarmál og aðild að nefndinni er mikilvæg forsenda þess. Jafnframt komu þó fram varnaðarorð frá fulltrúum í ráðinu þess efnis að varast beri að fylgja eingöngu í kjölfar annarra ríkja eða fjölþjóðlegs samstarfs þar sem tískustraumar virðast á stundum vera full ríkjandi. Við þurfum að huga vandlega að sérstöðu Íslands og missa ekki sjónar af því sem við höfum sérstaklega fram að færa í þróunarstarfi.


Árni Helgason kynnti drög að sameiginlegum leiðbeiningum utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ um gerð samstarfsáætlana fyrir þau ríki sem sérstök áhersla er lögð á samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun. Markmið samstarfsáætlana fyrir hvert og eitt ríki er að skerpa og forgangsraða áherslum í þróunarstarfinu og beina þeim enn frekar í þann farveg að saman fari sérþekking og reynsla Íslendinga og þarfir samstarfsríkja. Skýrari áætlanir og markmiðssetning, sem nái til nokkurra ára í senn, stuðli að enn betri árangri. Leiðbeiningarnar munu liggja til grundvallar sameiginlegri vinnu ráðuneytisins og ÞSSÍ á komandi mánuðum við mótun samstarfsáætlana, en fyrst í röðinni verður gerð áætlunar fyrir Malaví.

Leiðbeiningunum var vel tekið af fulltrúum í samstarfsráðinu. Umræður spunnust um bolmagn þeirra stofnana sem við störfum með í samstarfsríkjunum og mikilvægi stjórnsýsluuppbyggingar í því sambandi. Uppbygging stofnana ríkis og sveitarfélaga fær nú aukna athygli í þróunarstarfi eins og til dæmis má sjá í byggðaðróunarverkefnum á vegum ÞSSÍ. Samkvæmt leiðbeiningunum verða áætlanirnar kynntar samstarfsráðinu en jafnframt komu fram óskir fulltrúa um að ráðið fjalli um framvindu þeirra þegar þær verða komnar til framkvæmda.

Anna Katrín Vilhjálmsdóttir kynnti tilraunaverkefni utanríkisráðuneytisins um kynjaða fjárlagagerð í þróunarsamvinnu. Verkefnið fólst í greiningu á þeim hluta málaflokksins sem utanríkisráðuneytið fer með, eða um 60% af heildarframlögum. ÞSSÍ hefur í hyggju að ráðast í sambærilega greiningu á verkefnum stofnunarinnar. Greiningin leiddi í ljós að 73,9% eyrnamerktra framlaga til alþjóðastofnana renna til verkefna sem stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. 19,9% framlaganna hafa kynjajafnrétti að meginmarkmiði og 54% stuðla á marktækan hátt að jafnrétti. Greining á þeim stofnunum sem Ísland veitir almenn framlög til sýndi að af þeim sautján stofnunum sem hlutu stuðning, höfðu sextán þeirra sett sér jafnréttisáætlun. Það vekur athygli að eina stofnunin sem ekki hefur mótað jafnréttisáætlun er Norræni þróunarsjóðurinn. Þá voru skólar háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi skoðaðir sérstaklega. Í ljós kom að allir skólarnir reyna eftir fremsta megni að hafa kynjaskiptingu nemenda sem jafnasta, en enginn þeirra fylgir sérstakri jafnréttisáætlun. Mikilvægt er að skólarnir bregðist við þessu og móti jafnréttisáætlanir og hefur Landgræðsluskólinn þegar sett sér markmið um að ljúka því á árinu 2012.

Samstarfsráðið samþykkti að veita aðgang að fundargerðum ráðsins, en beiðni þess efnis barst ráðuneytinu á vordögum. Einnig voru fulltrúar þeirrar skoðunar að birta ætti bréf formanns til utanríkisráðherra þar sem greint er frá efnislegum umræðum á fundum ráðsins. Ég hef þegar komið þessari afstöðu á framfæri við þig. Þá var ákveðið að á næsta fundi ráðsins verði sérstaklega fjallað um gagnsæi í störfum þess.

Með kveðju,



Valgerður Sverrisdóttir

Formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit. Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu.